



## Ragnar heimsækir Grundarfjörð



Snekkjan Ragnar lagðist við akkeri í Grundarfirði í síðustu viku, skipið er byggt árið 2012 og var þá byggt sem ísbrjótur og aðstoðarskip. Skipið hefur nú farið í gegnum umfangsmikla yfirhalingu og verið breytt í snekkju, breytingunum lauk í júní á þessu ári og er því líklegt að skipið sé í einni af sínum fyrstu siglingum eftir breytingar. Í skipinu sem er 68,2metrar að lengd er aðeins í boði gisting fyrir 12 gesti í 9 káetum. Á snekkjunni er þyrlupallur en með henni er hægt

að leigja þyrlu gegn aukagjaldi og sama gildir um kaþbát, í leigunni eru hinsvegar innifalin afnot af sæþotum, snjóseðum, fjórhjólum auk hraðbáta. Að auki er ýmiskonar íburðar sem telst nauðsynlegur á svona snekkju. Hægt er að leigja snekkjuna til lengri eða skemmri tíma og eftir stutta leit á netinu, komst sá sem þetta skrifar, að því að leigan á sumrin er 525.000 evrur á viku en á gengi þriðjudags er það um 84 milljónir íslenskra króna.

jó

### SUMARFRÍ

Prentsmiðjan Steinprent  
og afgreiðsla Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokað  
20. júlí - 7. ágúst vegna sumarleyfa.

### Jökull

kemur þó út fimmtudaginn 23. júlí en fer svo  
í frí og kemur ekki út aftur fyrr en 13. ágúst

## Sýning í Útgerðinni



Emilía Björg Sigurjónsdóttir heldur þessa dagana úti listasýningu í Útgerðinni í Ólafsvík. Emilía er 19 ára gömul og fædd og uppalin í Ólafsvík. Í vor útskrifaðist hún úr FSN og eru verkin sem hanga á sýningu hluti af lokaverkefni hennar úr skólanum. Frá því hún var lítil stelpa hefur hún teiknað en varð duglegri við það eftir að hún byrjaði í framhaldsskóla. Aðspurð segir hún að hún fái ekki innblástur frá neinu sérstöku þegar kemur að myndunum en yfirleitt sé það eitt-hvað fallett í daglegu lífi eða

á samfélagsmiðlum sem þróist svo í mynd. Emilía stefnir á listaháskóla í framtíðinni svo hver veit nema við munum eiga von á fleiri sýningum frá þessari ungu og efnilegu listakonu.

Sýningin hófst með opnunarhófi þann 7. júlí þar sem Emilía tók á móti gestum með veitingun og gjafaleik þar sem gestum gafst kostur á að vinna fall-ega mynd úr safni Emilíu. Opnunin á sýningunni gekk vel og sala á verkunum gekk vonum framar. Myndirnar munu þó allar hanga uppi fram yfir verslunarmannahelgina.

sj

# Leiksýning á tjaldsvæðinu í Grundarfirði



Fjórar vinkonur úr Grundarfirði tóku sig saman fyrir skömmu og boðuðu til leiksýningar á tjaldsvæðinu í Grundarfirði. Það voru þær Klara Dögg, Daine, Anna Bryndís og Ellen Alexandra. Leikritið sem þær settu á svið heitir Systurnar fjórar og fjallaði um kvöldstund hjá systur sem

eru mis ráðríkar. Á staðnum voru vinkonurnar með nammibar og vatnsbar og voru um 20 gestir sem sótti sýningu. Heppnaðist sýningin vel hjá stelpunum og söfnuðu þær 3.500 krónum sem renna til krabbameinsfélagsins.

*sj*



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Sími: 430 3700  
www.fmis.is



## Lögreglan á nýjum bílum



Lögreglan á Vesturlandi hefur tekið í notkun tvo nýja lögreglu-bíla sem staðsettir verða hér á Snæfellsnesi.

Undanfarið hefur lögreglustjórnin á Vesturlandi unnið að því að endurnýja bílaflotann í umdæminu og nú síðast voru tveir nýir bílar teknir í notkun á Snæfellsnesi. Um er að ræða Land Rover Discovery jeppa sem búnir

eru öllum helsta lögreglubúnaði sem notaður er í dag.

Þar er til að mynda fullkominn upptökubúnaður og ný tegund af ratsjá til hraðamælinga sem hefur reynst alger bylting í umferðar-eftirliti.

Á meðfylgjandi mynd má sjá lögreglumenn sem voru að vonum hæstánægðir með endurnýjunina.

*phh*

## Jón Páll hættur með Víking

Jóni Páli Pálmasyri hefur verið sagt upp störfum sem knattspyrnuþjálfari Víkings Ó. Hann hættir sömuleiðis sem yfirþjálfari yngri flokka hjá UMF Víkingi/Reyni.

Jón Páll var ráðinn í vetur en hann tók við starfinu af Ejub Purisevic sem hafði starfað fyrir félagið í 17 ár. Í fréttatilkynningu frá félaginu var tilkynnt að

honum hafi nú verið sagt upp störfum og því bætt við að félagið muni ekki tjá sig nánar um málið að svo stöddu.

Allt í allt stýrði Jón Páll liðinu í sjö leikjum í deild og bikar. Alls vann hann þrjá leiki og tapaði fjórum leikjum. Leit er nú hafinn af eftirmanni Jóns.

*phh*

# Sandara- og Rifsaragleði

Ellefta Sandara- og Rifsaragleðin fór fram um síðustu helgi og tók dagskráin mið af þeim takmörkunum sem í gildi eru. Hófst dagskráin á fimmtudegi með kassabílaralli á Rífi þar sem 5 lið tóku þátt í æsispennandi keppni. Það voru þau Ragna og Elliði Egilsbörn sem unnu og fengu þau bikar. Um kvöldið fór svo Sóli Hólm á kostum í Frystiklefanum og vakti mikla lukku.

Fjórið hélt svo áfram á föstu- deginum þar sem landverðir í Þjóðgarðinum tóku á móti börnum við Sjóminjasafnið á Hellissandi þar sem athugað var hvað leynist í hrauninu í gönguferð. Í Sjómannagarðinum var svo ýmislegt um að vera um kvöldið þar sem um það bil 179 gæddu sér á Slysó-súpunni vinsælu og enn fleiri sem tóku þátt í kvöldsöng með Lionsklúbbi Nesþinga. Sveppi og Villi voru með sýningu á staðnum og Félagar í Lionsklúbbum Þernunni voru með sölubás. Gleðin hélt svo áfram í Frystiklefanum þar sem Eyjólfur Kristjánsson var með tónleika.

Dagskráin á laugardegnum var ekki síðri og voru margir viðburðir í boði má þar nefna golfmót í boði Hraðbúðarinnar, krakkaskokk, Sæmundargangan vinsæla um Hellissand, Forntraktorafélagið var með sýningu, Síggi Hösk spilaði fyrir gesti í Salthúsportinu og fótboltamót milli hverfa. Heppnaðist fótboltamótið sérlega vel og mjög líklega komið til með að vera áfram í dagskránni. Þar vann bláa liðið og voru gulir með þrúðasta liðið en keppt var á sparkvellingum við grunnskólann. Lalli töframaður sýndi listir sínar í Frystiklefanum og hoppukastalar



voru við Röstina, þar var einnig Sirkus Íslands, skottsala og vöfflusala. Götugrill voru svo tendruð víða um bæinn áður en haldið var í brekkusöng.

Brekkusöngurinn sem vera átti bak við Röstina var færður inn vegna veðurs og heppnaðist hann mjög vel, einnig var fullorðins töfrasýning Lalla töframans sem vera átti í Frystiklefanum færð í Röstina og skapaðist mjög góð stemning og mikið fjör.

Við þetta tilefni voru Drífu Skúladóttur færð blóm og henni þakkað fyrir óeigingjarnt starf í þágu hátíðarinnar síðustu 20 ár.

Að þessu sinni voru hverfi litamerkt og var Gula hverfið valið best skreytta hverfið.

Voru aðstandendur hátíðarinnar ánægðir með hvernig til tókst þó veðrið hafi aðeins strítt og aðstæður óvenjulegar.

þa



## Frá undirbúningsnefnd Sandara- og Rifsaragleði

Undirbúningsnefnd vill koma á framfæri kærum þökkum til þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem komu að hátíðinni;

Hraðfrystihús Hellissands, KG Fiskverkun, Fiskmarkaður Íslands, Sjávariðjan, Landsbankinn, Snæfellsbær, Menningarnefnd Snæfellsbæjar, Ragnar &

Ásgeir, Guðbjartur ehf, Esjar SH, Sker Restaurant, Frystiklefinn, Útgerðin, Gilbakki, Hraðbúð Hellissands, Örn Arnarsson.

Sjáumst aftur aðra helgi í júlí árið 2022.

# UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTURLANDS

OPNAÐ HEFUR VERIÐ FYRIR UMSÓKNIR  
Styrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar

**RAFRÆN UMSÓKNARGÁTT**  
Á vef SSV er rafræn umsóknargátt  
Kynnið ykkur vel reglur og viðmið varðandi styrkveitingar  
Allar nánari upplýsingar á [www.ssv.is](http://www.ssv.is)

**AÐSTOÐ VIÐ UMSÓKNIR**  
Atvinnu- og nýsköpunarverkefni:  
Ólafur Sveinsson [olisv@ssv.is](mailto:olisv@ssv.is) 892-3208  
Ólöf Guðmundsdóttir [olof@ssv.is](mailto:olof@ssv.is) 898-0247  
Helga Guðjónsdóttir [helga@ssv.is](mailto:helga@ssv.is) 895-6707

EKKI ER VERIÐ AÐ VEITA STYRKI FYRIR MENNINGARVERKEFNI  
Í ÞESSARI ÚTHLUTUN



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Komdu þinni  
hugmynd í  
framkvæmd

Umsóknarfrestur er til og með  
24. ágúst 2020



SÖKNARÁÆTLUN  
VESTURLANDS

Hið árlega Síamót í knattspyrnu, sem haldið er fyrir ungur knattspyrnustúlkur, fór fram um síðustu helgi.

Snæfellsnessamstarfið sendi þrjú lið til keppni á mótinu, er óhætt að segja að árangurinn á mótinu hafi verið til fyrirmyndar og samstarfinu til mikils sóma.

Í 7. flokki kvenna áttustelpurnar í Snæfellsnessamstarfinu gott mót og höfnuðu að lokum í 3. sæti í sínum styrkleikaflokki.

Snæfellsnes 2 í 5. flokki kvenna náði einnig 3. sæti í sínum riðli og í sama flokki gerðu stelpurnar í Snæfellsnesi 1 sér lítið fyrir og lönduðu fyrsta sætinu.

Allar stelpurnar voru eðlilega ánægðar með vel heppnað mót. Meðfylgjandi má sjá mynd af Snæfellsnesi 1 í 5. flokki með bikarinn sem þær fengu í verðlaun.

*phh*

## Frábær árangur á Síamótinu



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn